

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Vectavir krem 10 mg/g pencíklóvír

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 4 daga.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Vectavir og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Vectavir
3. Hvernig nota á Vectavir
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Vectavir
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Vectavir og við hverju það er notað

Vectavir krem er notað til meðferðar á áblæstri af völdum Herpes veiru.

Vectavir má nota bæði áður en blöðrur hafa myndast (við sting eða kláða) og eftir að blöðrur hafa myndast. Með Vectavir grær áblásturinn hraðar og sársaukatímabilið styttest.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 4 daga.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Vectavir

##### Ekki má nota Vectavir

Ef um er að ræða ofnæmi fyrir pencíklóvíri, famcíklóvíri eða einhverju öðru innihaldsefni Vectavir (talin upp í kafla 6).

##### Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Vectavir er notað.

Vectavir má einungis nota á sár á vörum eða í kringum munn. Vectavir má ekki nota á slímhúðir (t.d. í munni, á kynfærum eða í augum). Einkum á að forðast að kremið berist í augun þar sem kremið getur valdið ertingu. Skolið vel með vatni ef slíkt gerist.

##### Börn og unglíngar

Notkun Vectavir er ekki ráðlögð hjá börnum yngri en 12 ára.

##### Notkun annarra lyfja samhliða Vectavir

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð.

Nota má Vectavir samhliða öðrum lyfjum.

## **Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Þar sem frásög Vectavir er lítið er hættan á aukaverkunum hjá þunguðum konum og konum með barn á brjósti hverfandi.

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi hjá þunguðum konum og því mega þungaðar konur og konur með barn á brjósti einungis nota Vectavir krem samkvæmt læknisráði.

## **Akstur og notkun véla**

Ekki hafa komið fram aukaverkanir sem hafa áhrif á getu til aksturs eða stjórnunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **Vectavir inniheldur cetósterýlalkóhól og própýlenglýkól**

Cetósterýlalkóhól getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu).

Lyfið inniheldur 417 mg af própýlenglýkóli í hverju grammi af kremi. Própýlenglýkól getur valdið húðertingu

## **3. Hvernig nota á Vectavir**

Notið lyfið alltaf eins og lækningin hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Meðferðina á að hefja eins fljótt og hægt er þegar vart verður við fyrstu einkennum (kláða, stingja eða sviðatilfinningu). Hægt er að stöðva myndun áblástursins ef meðferð er hafin fljótt. Sumir finna ekki fyrir þessum stingjum eða kláðanum en kremið má einnig nota eftir að blöðrur hafa myndast.

- Þvoðu alltaf hendurnar fyrir og eftir notkun kremsins.
- Þrýstu smávegis af kreminu út á fingurgóminn.
- Kremið á að bera á, að degi til, á tveggja klukkustunda fresti í 4 daga, ekki að nóttu til.

## **Notkun handa börnum**

Notkun Vectavir er ekki ráðlögð hjá börnum yngri en 12 ára.

## **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Kremið veldur ekki skaða þótt of þykkt lag sé borið á eða ef eitthvað af því berst í munn og því kyngt. Berist kremið í munn getur það valdið ertingu.

## **Ef gleymist að nota Vectavir**

Ef gleymist að nota Vectavir skal nota það eins fljótt og unnt er eða sleppa skammti ef komið er að því að nota næsta skammt. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur Vectavir valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

## **Aukaverkanir sem eru ekki alvarlegar**

**Algengar aukaverkanir** (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 meðhöndlaðra): Skammvinnur sviði eða stingur eða dofi á meðferðarstað.

**Aukaverkanir þar sem tíðnin er ekki þekkt** (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum): Ofnæmisviðbrögð, ofsakláði, útbrot, kláði, blöðrur og bjúgur.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Vectavir**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota Vectavir eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir „Fyrnist“.

Ekki þarf að geyma Vectavir við sérstök hitaskilyrði.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Vectavir inniheldur**

Virka innihaldsefnið er Pencíklóvír 1% (10 mg/g)

Önnur innihaldsefni eru hvítt, mjúkt paraffín, paraffínolía, cetósterýlalkóhól, própýlenglýkól, cetómakrógól 1000 og vatn.

### **Útlit Vectavir og pakkingastærðir**

Hvítt krem. Áltúba 2 g og 5 g. Skammtari með pumpu 2 g.

Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

#### Markaðsleyfishafi:

Perrigo Sverige AB

Box 7009

SE-164 07 Kista

Svíþjóð

#### Framleiðandi:

Omega Pharma International NV

Venecoweg 26

B-9810 Nazareth

Belgía

Medgenix Benelux NV

Vliegveld 21

B-8560 Wevelgem

Belgía

### **Umboðsaðili á Íslandi**

Vistor hf.

Sími 535 7000

**Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í júní 2021.**